

Nd.

435. Frumvarp til laga

[188. mál]

um breyting á girðingalögum, nr. 10 25. marz 1965.

Flm.: Jón Ísberg.

1. gr.

Aftan við orðin „eftir að lög þessi öðlast gildi“ í 2. málsgr. 7. gr. laganna komi: enda brjóti það ekki í bág við gildandi samninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 2. mgr. 7. gr. girðingalaga segir svo: „Nú er landamerkjagirðing, sem kostuð hefur verið eftir öðrum hlutföllum en um getur í 5. gr. (sem aðalregla  $\frac{1}{2}$  á móti  $\frac{1}{2}$  og  $\frac{1}{5}$  á móti  $\frac{4}{5}$ ), og skal þá viðhald hennar falla undir fyrirmæli 5. gr., eftir að lög þessi hafa öðlast gildi“. Þessi ákvæði laganna gera löglega gerða samninga að engu, og getur orkað tvímælis, hvort þau geta staðizt fyrir dómstólunum. Hafi t. d. bóndi selt jörð, sem liggur að hans jörð, og ákveðið hafi verið, að kaupandinn fengi og héldi við landamerkjagirðingu, enda tekið tillit til þess við söluverð jarðarinnar, þá svipta lögín bóndann eign, eða réttara að orða það þannig, að þá leggi lögín kvaðir á seljandann, sem hann hafði keypt sig undan. Sama gildir um nýbýling, sem fær land undir nýbýli með góðum kjörum gegn því að girða landið og halda girðingunni við. Svo má snúa dæminu við: Bóndi afhendir upprekstrarfélagi væna sneið af landi sínu gegn því, að upprekstrarfélagið girði milli afréttar og heimalands og haldi girðingunni við. Þá hefur þessi bóndi í rauninni verið sviptur  $\frac{1}{5}$  af söluverði eignar sinnar. Öll þessi dæmi eru tekin úr daglega lífinu. Í tveimur hinna fyrri dæma stóð til, að farið yrði í mál, en sættir tókust. Í síðasta dæminu er girðing nýsett upp, svo að um viðhald hefur vart verið að ræða, enda telur upprekstrarfélagið sig bundið af gerðum samningi, þótt tilvitnuð lagaákvæði gætu bent til annars. Þessi breytingartillaga við girðingalögín er því flutt til þess að koma í veg fyrir hugsanleg málaferli.